

**Nd.**

**135. Frumvarp til laga**

**[77. mál]**

um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950.

Frá fjárhagsnefnd.

**1. gr.**

Til 1. apríl 1950 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða, í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1949, öll venjuleg rekstrarútgjöld ríkisins og önnur gjöld, er talizt geta til venjulegra fastra greiðslna þess, þótt ákveðin séu og heimiluð til eins árs í senn.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1950.

**Greinargerð.**

Frumvarpið er flutt eftir tilmælum fjármálaráðherra. Einstakir nefndarmenn hafa óbundið atkvæði um málið. Frv. fylgdi svo hljóðandi athugasemd:

„Með því að allar líkur benda til, að Alþingi samþykki ekki fjárlög fyrir árið 1950 fyrir næstu áramót, er nauðsynlegt, að ríkisstjórninni verði veitt heimild sú, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.“